

Tillaga til 496. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. júní 2022

Tillaga frá 1200. fundi bæjarráðs, sem fram fór 13. júní 2022, um að bæjarstjórn samþykki viðauka við afnotasamning Ísafjarðarbæjar og Fisherman ehf. um afnot af landi til uppbyggingar við Brjótinn á Suðureyri.

8. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040

Lagður fram til samþykktar viðauki við afnotasamning Ísafjarðarbæjar og Fisherman ehf. um afnot af landi til uppbyggingar við Brjótinn á Suðureyri, ásamt minnisblaði Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, dags. 10. júní 2022, vegna málsins. Í viðaukanum eru ákvæði um að lengja í framkvæmdatíma um eitt ár og samþykkt landeiganda á ósk verktaka um framsal réttinda og skyldna til dótturfélags.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við afnotasamning Ísafjarðarbæjar og Fisherman ehf. um afnot af landi til uppbyggingar við Brjótinn á Suðureyri.